

### 3 Tæknar og sérmenntað starfsfólk

Tæknar og sérmenntað starfsfólk gegnir mestmegnis tæknilegum og skyldum störfum í tengslum við rannsóknir og hagnýtingu vísindalegra eða listræna hugtaka og vinnuaðferða, í tengslum við reglugerðir á vegum hins opinbera eða reglur einkafyrirtækja auk þess að kenna á tilteknum námsstigum. Fyrir flest störf í þessum bálki er krafist kunnáttu skv. þriðja kunnáttustigi ÍSTARF 95.

Verkefni í þessum bálki felast venjulega í: að sjá um og framkvæma tæknistörf í tengslum við rannsóknir og hagnýtingu hugtaka og vinnuaðferða á sviði raunvísinda, þ.m.t. verkfræði og tæknifræði, á sviði náttúruvísinda, þ.m.t. læknávisinda, og á sviði félags- og hugvísinda. Verkefni felast einnig í: að kenna börnum í grunnskóla og forskóla; að mennta og kenna fötludum einstaklingum; að hafa frumkvæði að og veita hvers kyns tæknilega þjónustu í tengslum við viðskipti, fjármál, stjórnun, þ.m.t. að framfylgja ýmsum opinberum lögum og reglugerðum og veita félagslega þjónustu; að skemmta á sviði lista og íþróttá; að gegna ýmsum trúarlegum störfum. Verkstjórn annarra starfsmanna getur falist í starfssviðinu.

Verið getur að tæknar og sérmenntað starfsfólk lúti leiðsögn æðstu embættismanna, stjórnenda eða sérfræðinga.

### 31 Tæknar í raunvísindum og verkfræði

Tæknar í raunvísindum og verkfræði gegna tæknistörfum við rannsóknarvinnu á sviði raunvísinda, tölvunarfræði og verkfræði eða þeir sjá um og stjórna tæknibúnaði, stjórna flugvélum, sigla skipum og rannsaka öryggisatriði í tengslum við framleiðslu, aðra starfsemi og afurðir.

Verkefni í þessari deild felast venjulega í: að sjá um og vinna tæknistörf á sviði raunvísinda, tölvunarfræði og verkfræði; að sjá um og stjórna myndatækjum, rafeindatækjum og slíkum tækjum og búnaði; að stjórna flugvélum og skipum; að hafa eftirlit með að fylgt sé öryggiskröfum og reglum varðandi mannvirki, tækjabúnað, framleiðsluaðferðir og afurðir. Verið getur að þeir lúti leiðsögn æðstu embættismanna, stjórnenda eða sérfræðinga. Verkstjórn annarra starfsmanna getur falist í starfssviðinu.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

### 311 Tæknar í raunvísindum og verkfræði

Tæknar í raunvísindum gegna tæknistörfum við rannsóknarvinnu í raunvísindum, þ.m.t. verkfræði, tækniteikun eða hagræðingu í framleiðsluaðferðum.

Verkefni felast venjulega í: að sjá um og vinna tæknistörf í tengslum við efnafræði, eðlisfræði, jarðfræði, veðurfræði eða stjórnufræði, svo og á sviði verkfræði, tækniteikunar og hagræðingar í framleiðsluaðferðum. Þeir vinna stundum undir leiðsögn framkvæmdastjóra eða sérfræðinga. Verkstjórn annarra starfsmanna getur falist í starfssviðinu.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

#### 3111 Efnatæknar og tæknar í öðrum raungreinum

Aðstoðarmaður eðlisfræðings, aðstoðarmaður efnafræðings, aðstoðarmaður veðurfræðings, efnatæknir, eðlisfræðitæknir, vatnamælingamaður, veðurathugunarmaður

#### 3112 Byggingartæknar

Byggingarfræðingur, byggingartæknir, kortagerðarmaður án háskólaprófs, landmælingamaður, mælingamaður í byggingariðnaði, mælingamaður í skipaiðnaði

#### 3113 Rafmagnstæknar

Raffræðingur, rafmagnstæknir, raftæknir

#### 3114 Rafeinda- og fjarskiptatæknar

Fjarskiptatæknir, rafeindatæknir, símtæknir

#### 3115 Vélæknar

Ráðunautur um vélar og verkfæri, véltæknir, vélfræðingur í iðnaði, vélstjóri í frystihúsi, vélstjóri í orkuveri

#### 3116 Tæknar í efnaverkerfræði

Aðstoðarmaður efnaverkerfræðings, efnaverktæknir

#### 3117 Náma- og málmæknar

Málmæknir, námæknir

#### 3118 Tækniteiknarar

Tækniteiknari

#### 3119 Tæknar í raunvísindum og verkfræði ófl.a.

Framleiðslutæknir, hagræðingartæknir, iðnrekstrarfræðingur, útgerðartæknir

**312 Tæknar á tölvusviði**

Tæknar á tölvusviði aðstoða notendur einkatölva og staðlaðs hugbúnaðar, stýra og vinna við tölvur og jaðartæki, ásamt því að vinna að takmörkuðu leyti við forritun, s.s. vegna uppsetningar og viðhalds véla og hugbúnaðar. Verkefni felast venjulega í: að aðstoða notendur einkatölva og staðlaðs hugbúnaðar við uppsetningu þeirra og lausn vandamála sem koma upp; að setja upp nýjan hugbúnað fyrir tiltekinn vélbúnað og stjórnkerfisstillingu, og setja upp ný jaðartæki; að gera minni háttar breytingar og lagfæringar á tilbúnum forritum til að uppfæra og viðhalda þeim; stjórna og vinna við tölvur og jaðartæki; að skipuleggja tölvuverkefni; að halda skrá yfir tölvuverk; að sjá um afritunarvinnu; að vekja iðnaðarvélmanni og forrita þau fyrir tiltekin verkefni og stýra starfi þeirra. Verið getur að þeir lúti leiðsögn framkvæmdastjóra eða sérfræðinga. Verkstjórn annarra starfsmanna getur falist í starfssviðinu. Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokk:

**3120 Tölvutæknar**

Forvinnumaður, kerfisfræðingur án háskólaprófs, sjálfvirknitæknir, tölvvari, tölvuður, tölvutæknir

**313 Myndtæknimenn og rafeindatæknar**

Myndtæknimenn og rafeindatæknar taka myndir, stjórna kvikmynda- og myndbandsupptökuvélum og öðrum tækjum til að taka upp og breyta mynd og hljóði, stjórna tækjum og kerfum vegna útsendinga og fjarskipta, auk tæknibúnaðar vegna sjúkdómsgreiningar eða meðferðar.

Verkefni felast venjulega í: að taka ljósmyndir; að stjórna kvikmyndatöku- og myndbandsupptökuvélum og öðrum tækjum til að taka upp og klippa myndir og hljóð; að stjórna tækjabúnaði vegna útvarps- og sjónvarpsútsendinga og fjarskiptabúnaði og -kerfum; að stjórna tækjabúnaði sem notaður er til að greina eða lækna sjúkdóma og veikindi.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**3131 Mynd- og hljóðupptökumenn**

Dagskrárklippari, dagskrárritstjóri, fréttaljósmyndari, hljóðmaður, hljóðmeistari, hljóðupptökumaður, kvikmyndatökumaður, ljósmyndameistari, ljósmyndari, magnaravörður, myndatökumaður, myndbandsstjóri, myndmeistari, myndupptökutæknir, rötari, upptökustjóri

**3132 Útsendingar- og fjarskipta tæknimenn**

Dagskrártæknimaður, dagskrártæknimeistari, flugradíómaður, loftskeytamaður, skoðunarmaður við útvarpseftirlit, kvikmyndasýningarmaður, tæknimaður hjá sjónvarpi, tæknimaður hjá útvarpi, tæknimaður í fjarskiptum, tæknimaður í myndflutningum, tæknimaður í útsendingu, útsendingarstjóri

**3133 Tæknimenn við lækningatæki**

Heyrnarmælingamaður, hjartalínuritari, lækningatækjateknir, röntgentæknir, sjónsviðsmælingamaður, sneið-myndatæknir, sjóntækjateknir, tækniljósmyndari

**3139 Myndtæknimenn og rafeindatæknar ófl.a.****314 Stjórnendur og tæknimenn á skipum og flugvélum**

Stjórnendur og tæknimenn í skipum og flugvélum stjórna og sigla skipum og flugvélum og sinna tæknistörfum til að tryggja öryggi og hagkvæmni í ferðum þeirra og rekstri.

Verkefni felast venjulega í: að stjórna vélum, rafmagns- og rafeindatækjum um borð í skipum eða flugvélum, stjórna og sigla skipum eða flugvélum eða stjórna umferð skipa eða flugvéla.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**3141 Vélstjórar á skipum**

Skipavélfræðingur, vélstjóri á skipi

**3142 Yfirmenn á farskipum**

Hafnsögumaður, siglingafræðingur á sjó, skipherra, skipstjóri á farskipi, stýrimaður á farskipi

**3143 Flugmenn og aðrir flugliðar**

Flugleiðsögumaður, flugmaður, flugstjóri, flugvélstjóri, siglingafræðingur í loftfari

**3144 Flugumferðarstjórar**

Flugumferðarnemi, flugumferðarstjóri, flugumsjónarmaður

**3145 Flugöryggistæknar**

Radíóeftirlitsmaður, eftirlitsmaður með flugöryggistækjum

**315 Öryggis- og gæðaeftirlitsmenn**

Öryggis- og gæðaeftirlitsmenn hafa eftirlit með að farið sé eftir lögum og reglum um brunavarnir, öryggi á vinnustöðum, hollustu- og umhverfisvernd, öryggi við framleiðslu og sölu vöru og þjónustu, auk þess að fylgjast með að vörur og þjónusta séu í samræmi við gæðastaðla og upplýsingar framleiðenda. Þeir geta starfað hvort tveggja á vegum opinberra aðila og fyrirtækja eða annarra einkaaðila.

Verkefni felast venjulega í: að ganga úr skugga um að byggingar og önnur mannvirki séu í samræmi við samþykktar teikningar, skipulagslög og byggingarsamþykktir; að veita ráðgjöf um og hafa eftirlit með eldvarnarkerfum; að rannsaka brunarústir til að greina orsakir eldsvoða; að hafa eftirlit með iðnfyrirtækjum og öðrum fyrirtækjum vegna öryggis á vinnustöðum og öryggis framleiðsluferlisins, svo og þess varnings sem framleiddur er, notaður eða seldur; að tryggja að farið sé eftir reglum um hollustu- og umhverfisvernd; að tryggja að vara og þjónusta sé í samræmi við gæðastaðla og upplýsingar framleiðenda. Verkstjórn annarra starfsmanna getur falist í starfssviðinu.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**3151 Byggingar- og brunaeftirlitsmenn**

Brunaeftirlitsmaður, byggingaeftirlitsmaður

**3152 Öryggis-, hollustu- og gæðaeftirlitsmenn**

Bifreiðaeftirlitsmaður, ferskfiskeftirlitsmaður, eftirlitsmaður (ótilgreint), eftirlitsmaður í mengunareftirliti, fiskmatsmaður, flugvallareftirlitsmaður, gæðamatsmaður, gæðastjóri, hollustueftirlitsmaður, kjötmatsmaður, kjötskoðunarmaður, lýsmatsmaður, matvælaeftirlitsmaður, málmsuðueftirlitsmaður, rafmagnseftirlitsmaður, skipaeftirlitsmaður, ullarmatsmaður, umhverfiseftirlitsmaður, vegaeftirlitsmaður, vélaeftirlitsmaður, vinnueftirlitsmaður, öryggiseftirlitsmaður

**32 Tæknar í náttúrufræði og heilbrigðisgreinum**

Tæknar í náttúrufræði og heilbrigðisgreinum gegna tæknistörfum í tengslum við rannsóknir og hagnýtingu hugtaka, kenninga, meginreglna og vinnuaðferða á sviði náttúruvísinda, þ.m.t. í landbúnaði, skógrækt, heilbrigðisháttum, læknisfræði, dýralæknisfræði, lyfjafræði og skyldum greinum, og stunda hjúkrun, ljósmóðurstörf, alþýðulækningar og huglækningar.

Verkefni í þessari deild felast venjulega í: að sjá um og framkvæma rannsóknir og tæknistörf í tengslum við náttúruvísindi, þ.m.t. á sviði landbúnaðar, skógræktar, heilbrigðishátta, læknisfræði, dýralæknisfræði, lyfjafræði og skyldra greina; að veita aðstoð við hjúkrun eða ljósmóðurstörf, alþýðulækningar og huglækningar. Verið getur að þeir lúti leiðsögn sérfræðinga í náttúruvísindum og heilbrigðisgreinum.

**321 Líftæknar**

Líftæknar og tæknar við skyld störf vinna við tæknistörf í tengslum við rannsóknir og hagnýtingu hugtaka, kenninga og vinnuaðferða í náttúruvísindum, s.s. líffræði, grasufræði, gerlafræði og lífefnafræði, auk landbúnaðar, jarðræktar og skógræktar.

Verkefni felast venjulega í: að sjá um og framkvæma tæknivinnu annaðhvort í sambandi við rannsóknir á sviði líffræði eða við hagnýtingu hugtaka, kenninga og vinnuaðferða, einkum á sviði læknisfræði, landbúnaðar eða lyfjaiðnaðar.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**3211 Líftæknar**

Aðstoðarmaður á rannsóknarstofu, aðstoðarmaður lífefnafræðings, aðstoðarmaður líffræðings, líftæknir, lyfjataeknir, kennslumeinataeknir, meinataeknir, gerlataeknir

**3212 Jarð- og skógræktartæknar**

Jarðræktartæknir, jarðvegstæknir, skógræktartæknir

**3213 Landbúnaðar- og skógræktarráðunautar**

Hrossaræktarráðunautur, landbúnaðarráðunautur, nautgripæræktarráðunautur, sauðfjárræktarráðunautur, skógræktarráðunautur, svínaræktarráðunautur

**322 Heilbrigðistæknar (nema í hjúkrun)**

Heilbrigðistæknar (nema í hjúkrun) vinna við tæknistörf í tengslum við rannsóknir og hagnýtingu hugtaka, kenninga og vinnuaðferða á sviði læknisfræði, dýralæknisfræði, tannlæknisfræði, lyfjafræði, hreinlætis, almennrar heilsugæslu og skyldum sviðum.

Verkefni felast venjulega í: að leysa af hendi afmörkuð störf við ráðgjöf og sjúkdómsgreiningu, þ.m.t. bæði fyrirbyggjandi og lækandi störf á sviði almennra lækninga, tann- eða dýralækninga; að veita ráðgjöf um aðgerðir til að bæta heilbrigðis- og hollustuhætti; að þróa og hagnýta næringaraðferðir og matarkúra; að skoða sjón og leiðbeina um notkun gleraugna og linsa; að veita ráðgjöf um fyrirbyggjandi aðgerðir og meðferð beina- og vöðvasjúkdóma og meidsla; að aðstoða við skömmun og lögun læknislyfja og annarra lyfja; að stunda smáskammtalækningar eða

meðhöndla talgalla og aðra líkamlega kvilla. Verið getur að þeir vinni undir leiðsögn sérfræðinga í heilbrigðisgreinum. Verkstjórn annarra starfsmanna getur falist í starfssviðinu. Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**3222 Hreinlætistæknar**

Heilbrigðisfulltrúi, hreinlætiseftirlitsmaður, hreinlætissérfræðingur, hreinlætistæknir, hundaeftirlitsmaður, meindýraeyðir, sýkingarvarnastjóri

**3223 Matarfræðingar og matartæknar**

Matarfræðingur, matartæknir, næringartæknir

**3224 Sjóntækjafraeðingar**

Gleraugnafræðingur, gleraugnatæknir, sjóntæknir, optiker, sjónglerjafraeðingur, sjóntækjafraeðingur, sjónþjálfari

**3225 Tannfræðingar**

Tannfræðingur

**3226 Sjúkranuddarar og aðrir við skyld störf**

Augnþjálfari, fótáaðgerðafræðingur, gervilimafræðingur, hnykkir, kírópraktor, sjúkranuddari, stoðtækjafraeðingur

**3227 Aðstoðarfólk dýralækna**

Frjótæknir, sæðingarmaður

**3228 Lyfjatæknar**

Aðstoðarmaður lyfjafraeðings, lyfjatæknir

**3229 Aðrir heilbrigðistæknar ófl.a.**

Heyrnar- og talmeinafræðingur, heyrnartæknir, leikþjálfari, smáskammtalæknir, talþjálfari

**323 Sjúkraliðar**

Sjúkraliðar aðstoða við barnsfæðingar og hjúkrun sjúkra, slasaðra eða fatlaðra, svo og við aðhlyningu mæðra og nýbura.

Verkefni felast venjulega í: að aðstoða lækna eða hjúkrunarfræðinga og ljósmæður við fyrirbyggjandi aðgerðir og læknisáðgerðir og að bregðast við neyðartilfellum í fjarveru þeirra; að hjúkra, annast um og ráðleggja sjúkum, slösudum, líkamlega og andlega fötludum og öðrum sem þarfnast slíkrar umönnunar; að aðstoða við barnsfæðingar og leiðbeina mæðrum við umönnun ungbarna. Verkstjórn annarra starfsmanna getur falist í starfssviðinu.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**3231 Sjúkraliðar við almenna hjúkrun**

Sjúkraliði við almenna hjúkrun

**3232 Sjúkraliðar við fæðingarhjúkrun**

Sjúkraliði við fæðingarhjúkrun, yfirsetukona

**324 Alþýðulæknar og huglæknar**

Alþýðulæknar og huglæknar ráðleggja um meðferð til að varðveita heilsu og bæta heilsufar og sinna andlegum og líkamlegum sjúkleika í mönnum með aldagömlum aðferðum sem álitid er að stuðli að bata með því að ýta undir eða örva náttúrulegan bata eða stuðli að bata fyrir mátt trúar eða með andlegri ráðgjöf.

Verkefni felast venjulega í: að leiðbeina sjúklingum um rétt atferli eða mataræði til að halda eða endurheimta andlegt og líkamlegt heilbrigði og styrk; að meðhöndla sjúklinga með því að beita fornum aðferðum sem lækna með því að styðja við og örva náttúrulegan bata; að leitast við að lækna sjúkdóma með andlegum áhrifum, sefjun og trúarkrafti. Verkstjórn annarra starfsmanna getur falist í starfssviðinu.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**3241 Alþýðulæknar**

Svæðanuddari, grasalæknir, nálástungulæknir, náttúrulæknir

**3242 Huglæknar**

Andalæknir, huglæknir, miðill, reikimeistari

**33 Leiðbeinendur og þjálfar**

Leiðbeinendur og þjálfar kenna ýmsar námsgreinar á grunnskóla- og forskólastigi, skipuleggja nám fyrir börn, einkum

á forskólaaldri, eða kenna líkamlega eða andlega fötluðum börnum, unglingum eða fullorðnum eða fólki með námsörðugleika.

Verkefni í þessari deild felast venjulega í: að gera námsáætlanir og leiðbeina í ýmsum námsgreinum á forskóla- og grunnskólastigi; að skipuleggja og stjórna starfi sem ætlað er að efla málþroska barna, eða líkamlega og félagslega hæfni; að laga námskrár að þörfum tiltekinna hópa líkamlega eða andlega fatlaðra einstaklinga eða fólks með námsörðugleika og kenna þeim með hjálp blindraleturs, varalesturs og annarra sérstakra aðferða og tækni; að stunda önnur kennslustörf, þ.m.t. flugkennslu eða ökukennslu eða kennslu í vélstjórnun. Verkstjórn annarra starfsmanna getur falist í starfssviðinu.

### 331 Uppeldisfulltrúar við grunnskóla

Uppeldisfulltrúar við grunnskóla kenna ýmsar greinar á grunnskólastigi.

Verkefni felast venjulega í: að gera námsáætlanir, leiðbeina í ýmsum greinum á grunnskólastigi og skipuleggja tiltekin námsverkefni; að semja skýrslur. Verkstjórn annarra starfsmanna getur falist í starfssviðinu.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokk:

#### 3310 Uppeldisfulltrúar við grunnskóla

Aðstoðarmaður kennara

### 332 Fóstrur

Fóstrur skipuleggja nám barna á forskólastigi.

Verkefni felast venjulega í: að skipuleggja og sjá um verkefni sem ætlað er að auðvelda börnum að öðlast líkamlega og félagslega færni og efla málþroska. Verkstjórn annarra starfsmanna getur falist í starfssviðinu.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokk:

#### 3320 Fóstrur

Fóstra, deildarfóstra, leikskólakennari, yfirfóstra (ekki við stjórnun)

### 333 Þroskaþjálfar

Þroskaþjálfar kenna líkamlega eða andlega fötluðum börnum, unglingum eða fullorðnum eða fólki með námsörðugleika, á öllum stigum menntakerfisins.

Verkefni felast venjulega í: að aðlaga námsefni þörfum tiltekinna hópa andlega eða líkamlega fatlaðra einstaklinga eða fólks með námsörðugleika; að kenna, t.d. blindum eða heyrnarlausnum, eina eða fleiri námsgreinar með því að nota blindraletur, táknmál og önnur stoðtæki og aðferðir; að semja skýrslur. Verkstjórn annarra starfsmanna getur falist í starfssviðinu.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokk:

#### 3330 Þroskaþjálfar

Deildarþroskaþjálfari, handmenntaþjálfari, meðferðarfulltrúi við þroskahjálp, samfélagsþjálfari, stuðningsfulltrúi, táknmálastúlkur, uppeldisfulltrúi á unglingsheimili, þroskaþjálfanemi, þroskaþjálfari

### 334 Aðrir leiðbeinendur og þjálfar

Aðrir leiðbeinendur og þjálfar sinna annarri kennslu en þeirri sem tengist beint forskóla- og grunnskólakerfinu eða sérkennslu.

Verkefni geta falist í: að kenna flugstjórn eða bifreiðastjórn eða kenna á aðrar vélar. Verkstjórn annarra starfsmanna getur falist í starfssviðinu.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokk:

#### 3340 Aðrir leiðbeinendur og þjálfar

Flugkennari, fönðurkennari, íþróttaleiðbeinandi, íþróttþjálfari, kennari utan skólakerfis, leiðbeinandi í heilsurækt, raddþjálfari, skólastjóri tónlistarskóla (ekki við stjórnun), starfsleiðbeinandi, starfsþjálfari, tónlistarkennari við einkakennslu, tónlistarkennari við einkaskóla, tónlistarkennari við tónlistarskóla, vinnuvélakennari, ökukennari

### 34 Aðrir tæknar og og sérmenntað starfsfólk

Aðrir tæknar og sérmenntað starfsfólk stundar tæknistörf og önnur sérhæfð störf í tengslum við hagnýtingu þekkingar á sviði fjármála og sölu, stjórnunar fyrirtækja, bókhalds, lögfræðilegrar, tölfraðilegrar og annarrar þjónustu, í tengslum við opinbera starfsemi á sviði tollgæslu, ferðaþjónustu, skattheimtu, velferðarþjónustu, vinnumiðlunar, leyfisveitinga, löggæslu, svo og í tengslum við félagslega þjónustu, skemmtanir, íþróttir og trúarbrögð.

Verkefni í þessari deild felast venjulega í: að sjá um sérhæfð verk á sviði verðbréfa-, trygginga- eða fasteignaviðskipta; að skipuleggja ferðalög; að stunda heildsölu á tæknivörum og öðrum vörum; að starfa við eignamat og uppboðshald; að bjóða fram þjónustu við viðskiptalífnið sem umboðsmenn, miðlarar eða við ráðningar starfsmanna; að vinna við fyrirtækjastjórnun, bókhald, lögfræðilega, tölfraðilega og aðra þjónustu; að sinna opinberum störfum á margvíslegum

sviðum s.s. við landamæragæslu, tollgæslu, ferðaþjónustu, skattheimtu, velferðarkerfið, atvinnumiðlun, leyfisveitingar, löggæslu; að starfa við félagspjónustu; að hanna iðnaðarvörur og útlit innanhúss; að koma fram á sviði íþróttar og skemmtana; að sinna tilteknum verkum við trúarathafnir og trúboð. Verið getur að þeir lúti leiðsögn æðstu embættismanna, stjórnenda fyrirtækja og stofnana eða sérfræðinga. Verkstjórn annarra starfsmanna getur falist í starfs-sviðinu.

### 341 Fjármála- og sölufulltrúar

Fjármála- og sölufulltrúar kaupa og selja verðbréf, ýmsar tryggingar, fasteignir, ferða- og viðskiptaþjónustu, stunda gjaldeyrisviðskipti, starfa í umboði heildsala eða sem kaupendur fyrir fyrirtæki og stofnanir eða meta vörur, fasteignir eða aðrar eignir og selja á uppboðum.

Verkefnin felast venjulega í: að gera úttekt á markaðsþróun fyrir viðskipti með verðbréf, gjaldeyri, vörur og fasteignir og kaupa eða selja fyrir hönd viðskiptavina eða í eigin þágu; að veita ráðgjöf um og selja tryggingar; að tryggja að afsal verðbréfa og fasteigna sé skráð eins og lög gera ráð fyrir; að skipuleggja og veita ráðgjöf um ferðatilhögun og selja ferðir; að selja ýmsar vörur í heildsölu fyrir hönd framleiðanda eða innflytjanda, þ.m.t. að annast uppsetningu tæknibúnaðar og tækja; að kaupa vörur eða þjónustu fyrir hönd fyrirtækja og stofnana; að meta vörur, fasteignir eða aðrar eigur eða selja þær á uppboði. Verið getur að þeir lúti leiðsögn stjórnenda eða sérfræðinga. Verkstjórn annarra starfsmanna getur falist í starfssviðinu.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

#### 3411 Verðbréfasalar

Fjármálaráðgjafi, verðbréfasali, víxlari

#### 3412 Tryggingasalar

Tryggingaráðgjafi, tryggingasölumaður

#### 3413 Fasteignasalar

Fasteignasali, löggiltur fasteignasali

#### 3414 Ráðgjafar og sölumenn í ferðaþjónustu

Ferðaskrifstofuráðgjafi, sölumaður í ferðaþjónustu

#### 3415 Sölumenn tæknibúnaðar o.fl.

Notendaráðgjafi fyrir tæknibúnað, sölumaður í fiskheildsölu, sölumaður tæknibúnaðar, umboðssali

#### 3416 Innkaupafulltrúar

Umboðskaupandi, innkaupafulltrúi, innkaupamaður, starfsmaður við hráefnisinnkaup

#### 3417 Matsmenn og uppboðshaldarar

Tryggingamatsmáður, tjónamatsmáður, tjónaskoðunarmaður, uppboðshaldari, uppboðssali, verðmatsmáður

#### 3419 Fjármála- og sölufulltrúar ófl.a.

Birgðastjóri, fjármálafulltrúi, fulltrúi fjármálastjóra, leigumiðlari

### 342 Miðlarar og fulltrúar í viðskiptaþjónustu

Miðlarar og fulltrúar í viðskiptaþjónustu koma á nauðsynlegum tengslum milli kaupenda og seljenda, kaupa og selja vörur að jafnaði í miklu magni, sjá um tollafgreiðslu og ganga úr skugga um að tryggingar og inn/útflutningsleyfi séu í lagi, miðla vinnu til umsækjenda, útvega starfsfólk í lausar stöður eða útvega vinnuafli til sérstakra verkefna, auk þess að selja alls kyns aðra sérhæfða þjónustu við atvinnulífið.

Verkefnin felast venjulega í: að kaupa og selja vörur í miklu magni; að leysa út vörur í tolli og ganga úr skugga um að tryggingar og innflutnings/útflutningsleyfi séu í lagi; að miðla vinnu í opinberum vinnumiðlunum til atvinnuumsækjenda, eða veita ráðgjöf um starfsþjálfun; að útvega starfsmenn í ýmsar stöður eða útvega vinnuafli til sérstakra verkefna fyrir hönd fyrirtækja eða annarra, þ.m.t. hins opinbera, samtaka og stofnana; að finna störf fyrir fólk í atvinnuleit gegn umboðslaunum; að koma á viðskiptasamböndum; að selja þjónustu til fyrirtækja s.s. auglýsingaráymi í fjölmiðlum, flutningaþjónustu og annað, eða upplýsingar um láns hæfni og annað viðkomandi viðskiptum; að útvega og gera samninga fyrir hönd skemmtikrafta og listamanna, svo og vegna bókaútgáfu, uppsetningar leikrita, hljóðritunar og sölu tónlistar. Verið getur að þeir lúti leiðsögn stjórnenda eða sérfræðinga. Verkstjórn annarra starfsmanna getur falist í starfssviðinu.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

#### 3421 Viðskiptamiðlarar

Skipamiðlari, viðskiptamiðlari

**3422 Tollvöru- og flutningamiðlarar**

Tollvörumiðlari, umboðsmaður fyrir flutninga

**3423 Vinnumiðlarar**

Atvinnumiðlari, fulltrúi í vinnumiðlun, vinnumiðlunarfulltrúi

**3429 Fulltrúar og miðlarar viðskiptaþjónustu ófl.a.**

Auglýsingasali, sölumaður auglýsinga, umboðsmaður listamanna, umboðsmaður rithöfunda

**343 Fulltrúar og ritarar við stjórnun**

Fulltrúar og ritarar við stjórnun og skyld störf útfæra og aðstoða við boðskipti, skjalaskráningu og innri samhæfingu stjórnunar í fyrirtæki eða stofnun og sjá um eða skipuleggja upplýsingaflæði milli deilda.

Verkefni felast venjulega í: að útfæra og aðstoða við boðskipti, skjalaskráningu og samhæfingu stjórnunar innan rekstrareiningar í því skyni að aðstoða yfirmann hennar og annað starfslíð; að skrifa orðréttar fundargerðir; að athuga og draga saman réttarskjöl og önnur málgögn; að halda fullkomið bókhald yfir viðskipti; að safna, vinna úr og kynna stærðfræðileg, tölfræðileg og tryggingarfræðileg gögn. Verið getur að þeir lúti leiðsögn stjórnenda eða sérfræðinga. Verkstjórn annarra starfsmanna getur falist í starfssviðinu.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**3431 Stjórnunarritarar**

Auglýsingafulltrúi, dómritari, einkaritari, fulltrúi forstöðumanns, fulltrúi rektors, fulltrúi skólameistara, launafulltrúi, læknafulltrúi, rekstrarfulltrúi, ritari bæjarstjóra, ritari framkvæmdastjóra, skólaritari, stjórnunarritari, umdæmisfulltrúi

**3432 Lögfræðiritarar**

Aðstoðarmaður dómara, aðstoðarmaður umboðsmanns Alþingis, kæruskrárritari, lóðarskrárritari, lögfræðiritari

**3433 Bókarar**

Bókari, bókhaldari, fjárhagsáætlunarfulltrúi, fulltrúi aðalbókara

**3434 Fulltrúar og ritarar við tölfræði og stærðfræði**

Aðstoðarmaður stærðfræðings, aðstoðarmaður tölfræðings, tryggingafulltrúi

**3435 Æskulýðs- og tómskundafulltrúar**

Íþróttafulltrúi, æskulýðs- og tómskundafulltrúi

**3436 Upplýsingafulltrúar**

Kynningarfulltrúi, upplýsingafulltrúi

**3437 Skjala-, safn- og bókaverðir**

Bókavörður (án háskólaprófs), safnvörður (án háskólaprófs), skjalavörður (án háskólaprófs), skólasafnvörður

**3439 Fulltrúar og ritarar við stjórnun ófl.a.**

Atvinnumálafulltrúi, dagvistarfulltrúi, deildarfulltrúi á alþingi, hjúkrunarritari, launaskrárfulltrúi, lífeyrisskrárritari, póstmálafulltrúi, sendiráðsritari, sendiráðunautur, skólafulltrúi

**344 Tollgæslu-, skattheimtu- og aðrir opinberir fulltrúar**

Tollgæslu-, skattheimtu- og aðrir opinberir fulltrúar framfylgja eða beita lögum og reglugerðum ríkisins varðandi landamæragæslu, skattlagningu, úthlutun félagslegrar þjónustu og athuga umsóknir og leyfisveitingar í sambandi við ferðaþjónustu, útflutning og innflutning varnings, stofnun fyrirtækja, nýbyggingar og aðra starfsemi sem háð er opinberum leyfum og eftirliti.

Verkefni felast venjulega í: að hafa eftirlit á landamærum og fylgjast með einstaklingum, farartækjum, ferða- og flutningaskjöllum og vörum sem fara yfir landamæri til að tryggja að farið sé að opinberum reglum og reglugerðum; að fara yfir skattskýrslur til að ákvarða álögð gjöld á einstaklinga og fyrirtæki; að athuga og leggja mat á umsóknir vegna bóta almannatrygginga til einstaklinga, skoða og leggja mat á umsóknir um opinber leyfi vegna ferðaþjónustu, inn- og útflutnings á vörum, bygginga, atvinnurekstrar eða annars þess sem opinbert leyfi þarf til; að fylgjast með framkvæmd reglugerða um verðlag, laun eða vogir og mælitæki. Verið getur að þeir lúti leiðsögn æðstu embættismanna eða sérfræðinga. Verkstjórn annarra starfsmanna getur falist í starfssviðinu.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**3441 Tollverðir og eftirlitsmenn í útlendingaeftirliti**

Fulltrúi við vegabréfaskoðun, útlendingaeftirlitsmaður, starfsmaður við vegabréfaskoðun, tollvörður

**3442 Opinberir gjaldheimtumenn**

Gjaldheimtufulltrúi, innheimtufulltrúi, fulltrúi á skattstofu

**3443 Fulltrúar við úthlutun bóta og lífeyris almannatrygginga**

Fulltrúi hjá Tryggingarstofnun ríkisins

**3444 Fulltrúar við leyfisveitingar**

Fulltrúi við útgáfu atvinnuleyfa, fulltrúi við útgáfu byggingarleyfa, fulltrúi við útgáfu persónuskilríkja, fulltrúi við vegabréfaútgáfu, fulltrúi við ökuleyfisútgáfu

**3449 Tollgæslu-, skattheimtu- og aðrir opinberir fulltrúar ófl.a.**

Eftirlitsmaður með mál og vog, eftirlitsmaður með verðlagi, forðagæslumaður, löggildingareftirlitsmaður, verðlagseftirlitsfulltrúi, vinnveitingaeftirlitsmaður

**345 Rannsóknarlögreglumenn**

Rannsóknarlögreglumenn rannsaka afbrot og reyna að afla upplýsinga um menn og fyrirtæki í þeim tilgangi að nýta til afbrotavarna.

Verkefni felast venjulega í: að rannsaka staðreyndir og aðstæður í tengslum við afbrot til að komast að því hverjir frömdu þau; að safna upplýsingum um einstaklinga og fyrirtæki, venjulega til að fyrirbyggja afbrot; að rannsaka tortryggilegt athæfi í fyrirtækjum, verslunum og annars staðar á almannafæri; að handtaka grunaða menn, ef heimilt er; að bera vitni fyrir rétti. Verkstjórn annarra starfsmanna getur falist í starfssviðinu.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokk:

**3450 Rannsóknarlögreglumenn**

Lögreglufulltrúi í rannsóknardeild, rannsóknarlögreglumaður

**346 Ráðgjafar í félagsþjónustu**

Ráðgjafar í félagsþjónustu veita umbjóðendum leiðbeiningar um félagslega þjónustu og réttindi sem hjálpa þeim að finna og nota úrræði til að komast yfir örðugleika og ná tilteknum markmiðum.

Verkefni felast venjulega í: að aðstoða einstaklinga og fjölskyldur með persónuleg eða félagsleg vandamál; að vinna fyrirbyggjandi starf gegn afbrotahæigð eða að endurhæfingu með því að skipuleggja og sjá um félagsstarf einstaklinga og hópa; að aðstoða líkamlega eða andlega fatlaða einstaklinga við að fá meðferð við hæfi og efla félagslega virkni þeirra.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokk:

**3460 Ráðgjafar í félagsþjónustu**

Aðstoðarfélagsmálafulltrúi, aðstoðarmaður félagsráðgjafa, áfengisvarnafulltrúi, áfengisvarnaráðunautur, blindráðgjafi, ellimálafulltrúi, erindreki á félagsmálasviði, félagsmálafulltrúi, forvarnarfulltrúi, forstöðumaður æskulýðsstöðvar (ekki við stjórnun), fulltrúi á félagsmálastofnun, meðferðarfulltrúi vímuefnaneytenda, starfsmaður hjá tómstunda- og íþróttaráði, tómstunda- og íþróttafulltrúi, vímuefnaráðgjafi, öldrunarfulltrúi

**347 Útlitshönnuðir, skemmtikraftar og íþróttamenn**

Útlitshönnuðir, skemmtikraftar og íþróttamenn hanna vörur eða innréttingar í hús, kynna upplýsingar í fjölmiðlum, skemmta áhorfendum með flutningi skemmtiefnis á sviði, á götum úti, í hringleikahúsum, eða með íþróttakappleikjum og í sumum tilvikum hjálfa eða stjórna þeim sem flytja slík atriði.

Verkefni felast venjulega í: að hanna framleiðsluvörur, leggja á ráð um útlit innanstokks; að setja fram upplýsingar í fjölmiðlum; að skemmta áhorfendum á sviði eða á götum úti með tónlist, trúðs- og skrípalátum, sjónhverfingum eða erfiðum og sérstæðum loftfimleikaatriðum; að taka þátt í íþróttakappleikjum. Verkstjórn annarra starfsmanna getur falist í starfssviðinu.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokka:

**3471 Útstillingamenn og hönnuðir**

Blómaskreytingamaður, fatahönnuður, fréttateiknari, gluggaskreytingamaður, hreinteiknari, húðskreytir, iðnhönnuður, innanhússarkitekt, leikmyndagerðarmaður, leikmyndameistari, leikmyndateiknari, leiktjaldamálari, listtæknir, ljósameistari, skrautritari, skreytingarmaður, sniðteiknari, tfskuhönnuður, tiskuteiknari, útlitshönnuður



**3472 Útvarps- og sjónvarpsþulir**

Kynnir á skemmtistað, plötusnúður, sjónvarpsþulur, útvarpsþulur

**3473 Hljóðfæraleikarar, söngvarar og dansarar á skemmtistöðum, götum o.þ.h.**

Dansari á skemmtistað, götusöngvari, hljóðfæraleikari á skemmtistað, hljómsveitarstjóri danshljómsveitar, leikhústæknir, nektardansari, söngvari á matsölustað, söngvari á skemmtistað

**3474 Trúðar, sjónhverfingamenn og loftfímleikamenn**

Brúðuleikstjóri, dávaldur, eftirherma, götulistamaður, loftfímleikamaður, sjónhverfingamaður, trúður

**3475 Íþróttamenn og þjálfarar**

Atvinnuknattspyrnumaður, íþróttadómari, íþróttþjálfari, skákmaður, stórmeistari í skák

**348 Leikpredikarar, trúboðar o.fl.**

Leikpredikarar, trúboðar o.fl. taka þátt í guðsþjónustum eða helga líf sitt hugleiðslu og bæn eða predikun og boðun þeirra kenninga sem þeir aðhyllast.

Verkefni felast venjulega í: að taka þátt í trúarathöfnum; að helga líf sitt bæn eða hugleiðslu; að predika eða boða kenningar viðkomandi trúarbragða. Verkstjórn annarra starfsmanna getur falist í starfssviðinu.

Störf í þessum klasa eru flokkuð í eftirfarandi starfaflokk:

**3480 Leikpredikarar, trúboðar o.fl.**

Aðstoðarmaður við trúmálastörf, herforingi í hjálpræðisher, kassapredikari, kristniboði, leiðbeinandi hjá KFUM&K, leikmunkur, leiknunna, leikpredikari, liðsforingi í hjálpræðisher, meðhjálpari, trúboði